

Reykjavík 30. mars 2020

Ónæmisfræðideild Landspítala

Breytingar á pneumókokka mótefnamælingum

Kæri læknir

Ónæmisfræðideildin hefur boðið upp á sértækar IgG mótefnamælingar gegn pneumókokkum. Mældar hafa verið hjúpperðir í próteintengdum pneumókokkabóluefnum (4, 6B, 7F, 19F) og hjúpperðir eingöngu í fjölsykrubóluefnum (8 og 12F). Hingað til hafa þessar mælingar verið gerðar með „**enzyme-linked immunosorbent assay**” (ELISA) en nú hefur ónæmisfræðideildin í samstarfi við evrópska samstarfsaðila þróað mælingaraðferð á **Luminex** tæki (multiplex assay) sem byggir á að mæla mótefni á yfirborði polystyren segulkúlna með leysigeisla. Þessi tækni leyfir okkur að magnmæla mikinn fjölda sértækra mótefna samtímis og gefur sambærilegar niðurstöður og ELISA aðferðin en með mun meiri afköstum og sambærilegum kostnaði.

Luminex tækið mælir IgG mótefni gegn 17 hjúpperðum pneumókokka. Þar af eru


- níu hjúpperðir í Synflorix próteinbundna fjölsykrubóluefninu (og Prevenar13): 1, 4, 5, 6B, 7F, 9V, 14, 19F og 23F sem notað er í ungbarnabólusetningum hér á landi.
- tvær hjúpperðir, 3 og 19A, sem eru í Prevenar13 próteinbundna bóluefninu en ekki í Synflorix.
- fimm hjúpperðir sem eru eingöngu í Pneumovax fjölsykrubóluefninu: 8, 9N, 11A, 12F, 15B sem notað er hjá fullorðnum en auk þeirra eru einnig allar ofangreindar hjúpperðir í Pneumovax.
- ein hjúpperð sem ekki er í neinu bóluefni: 35B og mótefni sem mælast gegn henni gefa eingöngu til kynna náttúrulega útsetningu (gefin upp í AU einingum en ekki µg/ml eins og hinar).

Niðurstöðum verður svarað í ofangreindri röð þ.e. fyrst hjúpperðir í próteinbundnu bóluefninum, þá Pneumovax hjúpperðir og að lokum hjúpperð 35B. Eins og áður verður að meta niðurstöðurnar miðað við aldur, tegund bóluefnis og tíma frá bólusetningu.


Mælingar verða gerðar vikulega og mun verð haldast óbreytt.

Ef einhverjar spurningar vakna varðandi ofangreindar breytingar vinsamlegast hafið samband við sérfræðinga ónæmisfræðideildarinnar.


Kær kveðja



Sigurveig P. Sigurðardóttir, sérfræðingur



Björn Rúnar Lúðvíksson, yfirlæknir



Anna Guðrún Viðarsdóttir, yfirlífeindafræðingur